

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2022

Meðfylgjandi er umsögn UN Women á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum,
nr. 31/1993 (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl.).

Virðingarfyllst,
f.h. UN Women á Íslandi



Stella Samúelsdóttir,
framkvæmdastýra

UMSÖGN UN WOMEN Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl.).

152. löggjafarþing 2021-2022.

Þingskjal 165 – 163. mál.

UN Women á Íslandi er ein tólf landsnefnda UN Women Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. UN Women á Íslandi telur það mikið framfaraskref að afnema heimild til undanþágu frá aldursskilyrði hjúskaparlaga og þar með banna barnahjónabönd á Íslandi.

I. Almennar athugasemdir

Tíðni barnahjónabanda á heimsvísu er gríðarlega há en talið er að 12 milljónir stúlkna séu þvingaðar í barnahjónaband á ári hverju, eða 23 stúlkur á hverri mínútu. Ljóst er að COVID-19 faraldurinn mun ekki draga úr heldur frekar auka tíðni þvingaðra barnahjónabanda.

Undanþáguheimildir frá aldursskilyrði hjúskaparlaga, líkt og heimil er í okkar íslensku lögum, eru oft nýttar þar sem barnahjónabönd eru algeng. Það skýtur því skökku við að Ísland berjist fyrir því á alþjóðavísu að afnema slíka siði í verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðarmála á meðan á Íslandi tíðkast það enn að veita undanþágur frá aldursskilyrðum. Frá árunum 1998-2018 hafa verið veittar 18 undanþágur frá lögum og í 17 tilvikum hafa það verið stúlkur á aldrinum 16-17 ára sem hefur verið veitt slíkt leyfi.

UN Women vinnur meðal annars að því að hvetja aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að afnema þau lög sem á einhvern hátt geta stuðlað að ójöfnuði og mismunun. Ísland hefur gengist undir ýmsa alþjóðlega samninga og skuldbindingar sem miða að því útrýma skaðlegum siðum menningar. Má þar nefna áhersla á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer fimm sem tekur einmitt á því að skaðlegir siðir eins og snemmbúin og þvinguð hjónabönd verði lagðir niður, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismunar gagnvart konum og svo framvegis.

UN Women á Íslandi styður heils hugar að afnema heimild til undanþágu frá aldursskilyrði hjúskaparlaga. Þannig fæst það tryggt að einstaklingar verði að hafa náð 18 ára aldri til að stofna til hjúskapar og að engar undanþágur verði veittar frá þeirri reglu. Með þessum breytingum er líklegra að það sé tryggt að ekki sé um þvinguð barnahjónabönd að ræða.